



Landssamband smábátæigenda
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

Dagsetning 24.3.2026
Málsnúmer ATRN26030155

Erindi LS varðandi veiðiskyldu (grásleppa).

Vísað er til erindis LS sem barst 13. mars 2026, þar sem óskað er skýringa á því hvort einstaklingur sem leigir frá sér allan kvóta sinn og missir þar með hlutdeild vegna veiðiskyldu, haldi engu að síður rétti til grásleppuveiðileyfis frá og með 1. september 2026.

Þann 1. september 2026 taka gildi breytingar á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samkvæmt breytttri 1. mgr. 7. gr. laganna skulu grásleppuveiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um eða leiða rétt sinn af þeim bátum.

Af ákvæðinu leiðir að réttur til grásleppuveiðileyfis byggist á sögulegum rétti viðkomandi báts, en ekki á núverandi stöðu í kvótakerfi eða eignarhaldi aflahlutdeilda.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaðan að reglur um hlutdeildir og veiðiskyldu hafa ekki áhrif á rétt til grásleppuveiðileyfis frá og með 1. september 2026. Sá réttur helst óháð því hvort viðkomandi aðili hefur haldið eða misst aflahlutdeild vegna veiðiskyldu, enda sé uppfyllt skilyrði laganna um sögulegan rétt.

Fyrir hönd ráðherra,


Kolbeinn Árnason


Skúli Kristinn Skúlason